

Verklagsreglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um túlka- og þýðingarþjónustu

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur áherslu á að veita öllum íbúum góða þjónustu og ber starfsfólki að tryggja að sá sem ekki á íslensku að móðurmáli sé gefinn kostur á túlka- og þýðingarþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þetta á sérstaklega við um málefni sem snúa að félagsþjónustu, barnavernd, heilbrigðisþjónustu, skólamálum og réttindamálum. Alltaf skal virða ákvörðunarrétt fólks þegar túlkaþjónusta er boðin.

- Þurfi starfsmaður sveitarfélagsins að koma til skila mikilvægum upplýsingum er varða velferð eða réttindi einstaklings ber að bjóða upp á þjónustu túlks ef starfsmaður og þjónustuþegi deila ekki sama tungumáli.
- Starfsmenn sveitarfélagsins skulu gæta þess að fá upplýst samþykki í málefnum er varða velferð og réttindum einstaklings og kalla til túlks ef einhver vafi er á því.
- Í viðkvæmum og persónulegum málum skal leita til túlks á vegum túlka- og þýðingarþjónustu. Bjóða skal einstaklingum eftir því sem kostur er að velja á milli stað- og símatúlkunnar.
- Foreldrum skal gerð grein fyrir rétti sínum til þýðinga og/eða túlkunar á málum er varða velferð barna þeirra. Má þar nefna túlkun á skilafundum sérfræðinga og þýðingu á niðurstöðum greininga.
- Mikilvægar upplýsingar sem snúa að heilsu og velferð leik- og grunnskólabarna og íbúa sveitarfélagsins ber að þýða á a.m.k. ensku og pólsku og sinnir hver deild sínum þýðingum þar sem það á við.
- Til að tryggja tækifæri til þátttöku skulu skólar leitast við að upplýsingar um viðburði innan þeirra skili sér til foreldra sem ekki tala íslensku.
- Börn undir 18 ára skulu ekki fengin til að túlka í neinum málum.
- Sveitarfélagið, í samstarfi við túlka- og þýðingarþjónustu fyrirtækja skal leitast við að viðhalda þjónustu staðtúlkunar á svæðinu.
- Stjórnendum sveitarfélagsins er heimilt að leita til starfsmanna sem búa yfir erlendri tungumálakunnáttu með styttri þýðingar og auglýsingar. Starfsmaður sem fellst á að taka verkið að sér skal fá svigrúm til að vinna það á vinnutíma sínum. Með stuttum þýðingum er átt við texta þar sem orðafjöldi er undir 300 orð. Lengri texta skal senda til þýðingarþjónustu.